

*FRÉTTATILKYNNING*

5. febrúar 2001

**Samkeppnisráð setur skilyrði fyrir samruna Lyfju hf. og Lyfjabúða hf.**

Á fundi sínum þann 2. febrúar sl. fjallaði samkeppnisráð um samruna Lyfju hf. og Lyfjabúða hf. Hið sameinaða fyrirtæki mun verða rekið undir heiti Lyfju. Ráðið komst að þeirri niðurstöðu að samruninn myndi leiða til markaðsráðandi stöðu Lyfju á höfuðborgarsvæðinu sem hefði skaðleg áhrif á samkeppni og væri andstæður hagsmunum neytenda. Telji samkeppnisráð að samruni hindri virka samkeppni getur ráðið ógilt samruna eða sett honum skilyrði. Af hálfu forsvarsmanna Lyfju var óskað eftir því við samkeppnisyfirlönd að samrunanum yrði sett skilyrði sem myndu eyða hinum skaðlegu áhrifum á samkeppnina á lyfsölumarkaðnum. Lögðu þeir fram tillögu þar að lútandi. Viðræður Lyfju og samkeppnisyfirlönda hafa leitt til þess að fyrirtækið fellst á að selja í einu lagi fimm af fjórtán starfandi apótekum þess á höfuðborgarsvæðinu. Að uppfylltum skilyrðunum telur samkeppnisráð að skaðlegum áhrifum samrunans verði eytt en salan hefur í för með sér að markaðshlutdeild Lyfju sem að óbreyttu hefði orðið 52-53% mun lækka í 37-38%.

Þann 4. desember sl. var undirritaður samningur um sameiningu á rekstri Lyfju hf. og Lyfjabúða hf., sem eru apótek í eigu Baugs hf. og rekin hafa verið undir heitinu „Apótekið“. Fyrst um sinn mun hið sameinaða félag sem mun verða í meirihlutaeigu Baugs bera heitið Lyfja. Samkeppnisráð telur að sá markaður sem sameining fyrirtækjanna hefur áhrif á sé smásala á lyfjum á höfuðborgarsvæðinu. Flest apótek hins sameinaða fyrirtækis starfa þar auk þess sem áhrifa samrunans gæti eingöngu á því svæði. Hvort um sig voru Lyfja og Apótekið með 26-27% markaðshlutdeild fyrir samrunann þannig að sameinuð eru fyrirtækin, að óbreyttu, með 52-53% hlutdeild. Svo há markaðshlutdeild auk mats á öðrum þáttum leiddi til þeirrar niðurstöðu samkeppnisráðs að við samrunann yrði Lyfja markaðsráðandi í sölu á lyfjum á höfuðborgarsvæðinu. Þá var talið að aðrir keppinautar myndu ekki geta veitt Lyfju nægjanlegt samkeppnislegt aðhald en næst stærsti keppinauturinn, Lyf og heilsa, er með 26-27% hlutdeild. Hlutur annarra keppinauta er hins vegar á bilinu 1-3%. Samruninn hefði því að mati samkeppnisráðs að óbreyttu haft í för með sér óviðunandi samþjöppun á markaðnum og mikla röskun á samkeppni til tjóns fyrir neytendur.

Samkvæmt samkeppnislögum getur samkeppnisráð ógilt samruna eða sett honum skilyrði. Viðræður milli samkeppnisyfirlönda og forsvarsmanna Lyfju leiddu til þess að fyrirtækið fellst á að selja eftirtalin fimm apótek:

Apótekið Mosfellsbæ, Þverholti 2, Mosfellsbæ.

Apótekið Smiðjuvegi 2, Kópavogi.

Apótekið Suðurströnd 2, Seltjarnarnesi.

Apótekið Firði, Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði,

Lyfja Hamraborg 11, Kópavogi.

Markaðshlutdeild framangreindra apóteka er um 14-15% af lyfsölu á höfuðborgarsvæðinu þannig að hlutdeild Lyfju eftir sölu apótekanna mun verða á bilinu 37-38%. Stefnt skal að því að apótekin verði seld í einu lagi til keppinautar sem er óháður Lyfju eða félögum því tengdu. Með því er reynt að stuðla að því að samkeppnisleg staða á markaðnum verði sem næst því sem hún var áður en af samrunanum varð. Að mati samkeppnisráðs mun umrædd sala á apótekum með þeim skilmálum sem nánar eru tilgreindir í ákvörðun ráðsins nægja til að eyða þeim skaðlegu áhrifum sem samruninn hefði annars haft í för með sér.